



www.fib.is

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

ICELANDIC AUTOMOBILE ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/797
komudagur 5.2.2007

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 2. febrúar 2007

Umsögn frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda um frumvarp til umferðarlaga, 388. mál, ökuskrteini, hert viðurlög.

Félagið gerir engar athugasemdir við 1., 2., 3., 6. og 7. gr. frumvarpsins og telur þær auka öryggi ungra ökumanna, bifhjólafólks og annarra vegfarenda.

Varðandi 4. og 5. mgr. 4. gr. og 5. gr. þá þarf að tengja þær greinar frekar aðstæðum og spurning hvort hlutfallstala sé eðlileg viðmiðun. Hámarkshraði í þéttbýli er sbr. 81. gr. umferðarlaga ákvarðaður af lögreglustjóra að fengnum tillögum sveitarstjórnar. Stundum virðist ákvörðun um hámarkshraða ekki vera sambærileg á milli sveitarfélaga. Í ljósi þessa er hætt við 30% frávík eða tvöfaldur hraði geti verið ósamngjörn viðmiðun ein og sér í ákveðnum tilvikum. Spurning hvort í staðinn fyrir hlutfallstölur komi viðmiðanir miðað við ákveðna hraðaaukningu í km á klst. Á þetta er m.a. bent í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins. Hámarkshraði á vistgötum er 15 km á klst. og víða í þéttbýli er 30 km hraði á klst. algengur. 30% frávík frá þessum hámarkshraða er innan við 20 eða 40 km hraði á klst.

Lagt er til að farið sé betur í þessi ákvæði í 4. og 5. gr. til að tryggja samngirni og jafnræði áður en gripið er til alvarlegra viðurlaga.

Virðingarfyllst,

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Runólfur Ólafsson



FEDERATION
INTERNATIONALE
DE L'AUTOMOBILE

HEIMILIS- & PÓSTFANG:
ADDRESS AND POSTAL ADDRESS:
Borgartún 33 · IS-105 Reykjavík

SÍMI:
TELEPHONE:
+354 414 9999

MYNSENDIR:
TELEFAX:
+354 414 9998

NETFANG:
E-MAIL:
fib@fib.is

KENNITALA:
REG. NUMBER:
530169-7749

